

Samgönguáætlun 2007-2010

Höfuðmarkmiðin öruggar og hagkvæmar samgöngur

Fjögurra ára samgönguáætlun árinna 2007 til 2010 var samþykkt á Alþingi í mars 2007. Á þessum fjórum árum á að verja alls um 109 milljörðum króna til verkefna á sviði samgöngumála. Stærsti hluti fjármagnsins, um 98 milljarðar króna, fer til hvers kyns vegaframkvæmda, tæpir 10 milljarðar til framkvæmda á sviði siglingamála og 1,5 milljörðum króna verður varið til flugmála.

Ég tel að verkefni samgönguáætlunar sýni að yfirvöld séu á réttri braut og vinni ótullega að því að ná langtíamarkmiðum um greiðar, öruggar og hagkvæmar samgöngur.

Hér eru helstu framkvæmdir samgönguáætlunar næstu ára kynntar með skýrum hætti. Gert er ráð fyrir að verja nærri 20 milljörðum króna til verkefna á höfuðborgarsvæðinu. Brýnt er að leggja í verulegar framkvæmdir þar til að samgöngumannvirkin geti staðið undir því að halda í við fjölgun bíla og stórauðna umferð. Ein stærsta framkvæmdin á höfuðborgarsvæðinu er gerð Sundabrautar en teknir hafa verið frá 8 milljarðar króna til að unnt verði að hefja verkið. Þá verða jarðgangagerð og breikkun vega og akbrauta áberandi



þættir framkvæmda víða á landinu næstu árin.

Verkefni á haustþingi verður að ljúka afgreiðslu tólf ára samgönguáætlunar sem liggur fyrir. Þar eru nýjar áherslur lagðar og skýr stefna mörkuð. Sú stefna kemur skýrt fram í þeirri fjögurra ára áætlun sem hér er kynnt.

Samgönguráð undirbýr samgönguáætlun og leggur tillögur sínar fyrir ráðherra. Ég tel að ráðið hafi lagt fram metnaðarfulla áætlun sem unnt verður að hrinda í framkvæmd. Samgönguráð skipa Ingimundur Sigurpálsson formaður, Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri, Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri og Pétur K. Maack flugmálastjóri. Vil ég þakka samgönguráði og öðrum sem lögðu hönd á plóginn við gerð samgönguáætlunar.

samgönguráðherra



Helstu verkefni síðustu ára

Hér eru nefndar nokkrar helstu framkvæmdir á sviði samgöngumála sem unnið hefur verið að á síðustu árum. Flestum þeirra er lokið en nokkrar eru á lokasprettinum.

Vegamál:

- Fáskrúðsfjarðargöng
- Göng undir Almannaskarð
- Hafin gerð Héðinsfjarðarganga
- Reykjanesbraut tvöfölduð
- Mörg mislæg gatnamót á höfuðborgarsvæðinu og flutningur Hringbrautar
- Mislæg vegamót á hringveginum við Þrengslaveg
- Breikkun Vesturlandsvegur
- Hringvegur um Stafholtstungur endurnýjaður
- Þverun Kolgrafarfjarðar

- Djúpvegur
- Vestfjarðavegur
- Svínadalur
- Þverárfjallsvegur
- Nýr vegur fyrir Tjörnes
- Ný brú á Þjórsá

Siglingamál:

- Endurbætur á höfnum í Þorlákshöfn, Vopnafirði og Fjarðabyggð
- Ný höfn við Mjóeyri við Reyðarfjörð

Flugmál:

- Endurbætur á aðflugsbúnaði á flugvöllum á Akureyri og í Reykjavík
- Endurbætur á Þingeyrarflugvelli

Samgöngumiðstöð

Hafinn er undirbúningur að byggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkflugvöll. Flugstoðum ohf. hefur verið falið að hefja undirbúninginn samkvæmt gildandi skipulagi og er gert ráð fyrir að verkið verði boðið út sem einkaframkvæmd. Brýnt er orðið að bæta aðstöðu farþega sem fara um Reykjavíkflugvöll og um leið sameina í eina miðstöð þjónustu sem tengist innanlandsflugi og almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.



Flugmál

Ákvörðun um framtíð Reykjavíkflugvallar þarf að taka á næstu árum. Gífurleg vinna hefur verið lögð í úttektir og kannanir á áhrifum þess að leggja völlinn niður og færa starfsemina annað. Hugsanlegt er að byggja nýjan flugvöll og hefur einkum verið horft til nýs flugvallarstæðis á Hólmsheiði eða Lönguskerjum. Nauðsynlegt er að leggja í frekari rannsóknir til að kanna hvort þessir staðir koma til greina og er ljóst að þær munu taka nokkur ár. Miðstöð innanlandsflugs verður því áfram í Vatnsmýri næstu árin eins og skipulag kveður á um. Meðan svo er þarf að tryggja innanlandsfluginu nauðsynlegt athafnaráymi og slaka í engu á öryggismálum. Þá liggur fyrir að lengdar verði flugbrautirnar á Akureyri og Egilsstöðum og tækjabúnaður endurnýjaður. Einnig er unnið að því að málefni Keflavíkflugvallar verði flutt frá utanríkisráðuneyti til samgönguráðuneytis.





Markmið samgönguáætlunar 2007-2010

Fimm markmið um þróun í samgöngum eru sett fram í samgönguáætlun:

- Greiðari samgöngur
- Hagkvæmni við uppbyggingu og rekstur
- Umhverfislega sjálfbærar samgöngur
- Öryggi
- Jákvæð byggðapróun

Á öllum þessum sviðum eru lagðar línur um rannsóknir og úttektir sem vinna þarf að á hverju sviði fyrir

sig. Þá eru sett fram stefnumótunarverkefni fyrir hvert markmiðanna fimm og þar eru öryggismálin ofarlega á blaði.

Markmiðið um jákvæða byggðapróun er nýmæli í samgönguáætlun en með því er meðal annars stefnt að því að grunnkerfi samgangna nái til allra þéttbýlisstaða með 100 íbúa eða fleiri. Við forgangsröðun á ráðstöfun fjármagns verður því ekki eingöngu tekið tillit til arðsemi framkvæmdar því iðulega vega þungt rök um betri tengingar byggða.


Ferðatíminn styttest


Eitt meginmarkmiða síðustu tólf ára samgönguáætlunar var að ferðatími landsmanna til og frá Reykjavík yrði aldrei meiri en þrjár og hálf klukkustund. Er þá miðað við ferðamáta með bíl, flugvél eða ferju. Í næstu áætlun er gert ráð fyrir að ferðatíminn geti styst í þrjár klukkustundir. Úrbætur í samgöngum snúast annars vegar um að auka öryggi og hins vegar að því að stytta leiðir og þar með ferðatíma. Margt hefur áunnist í því efni á síðustu árum og með því að vera áfram á sömu braut verður unnt að setja enn háleitari markmið um styttri ferðatíma.



Samgönguáætlun 2007 til 2010

Helstu verkefni





— Bundið slitlag á þjóðvegum í árslok 2006
 — Þjóðvegir með malarslitlagi
 — Framkvæmdakafli
 - - - Framkvæmdakafli; lega óviss
 ✈️ Flugvallarfrankvæmdir
 🚢 Hafnarfrankvæmdir

06.2007 VAI

Samgönguáætlun 2007 til 2010

Helstu verkefni á höfuðborgarsvæðinu



FAXAFLÓI

Kjalarnes

Miklabraut - Kringlótt

Reykjanesbraut (40) -
gatnamót við Bústaðavegur

Flugbrautir og flughlöð — SELTJARNARVEGUR

Hafnarfjarðarvegur (40) -
gatnamót við Nýbýlavegur


Hafnarfjarðarvegur (40) -
gatnamót við Vífilsstaðavegur

Álftanesvegur (415)

Reykjanesbraut (41) -
Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur

HAFNARFJARNARVEGUR





Vegakerfið

- Stofnvegir með bundnu slitlagi
- Stofnvegir með malarslitlagi
- Tengivegir með bundnu slitlagi
- Tengivegir með malarslitlagi
- Landsvegir með bundnu slitlagi
- Landsvegir með malarslitlagi
- Framkvæmdir



Stóraukin framlög í þágu umferðaröryggis

Markmið stjórnvalda, um aukið umferðaröryggi til ársins 2016, er að fjöldi látinna í umferð á hverja 100 þúsund íbúa verði ekki meiri en það sem gerist hjá öðrum þjóðum og að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferð lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2018. Skulu markmiðin metin út frá meðaltali undangenginna fimm ára.

Á árunum 2007 og 2008 verður varið 218 milljónum króna til að herða eftirlit með ökuhraða á þjóðvegum og í þéttbýli. Verður fénu varið til að kosta aukna vinnu hjá lögregluembættum og fjármagna kaup á tækjabúnaði: mótörhjólum, ratsjártækjum með myndavélum fyrir lögreglubíla og bifhjól, hraðamyndavélum, sem settar verða upp við þjóðvegina, og öndunarsýnamælum.

Tíð slys á árinu 2006 hljóta að vera tilefni þess að staldra við og huga að áherslum. Tölur úr umferðargreinum Vegagerðarinnar sýna að ökuhraði hérlandis er of mikill, sem er verulegt áhyggjuefni. Við því hefur verið brugðist með umtalsverðri hækkun sekta og annarra viðurlaga og með því að stóraka löggæslu. Upplýsingamiðlun og fræðsla verður aukin, og áherslum breytt, í því skyni að hvetja almenning til að gæta öryggis í umferðinni. Ráðist verður í heildarendurskoðun á ökunámi og ákveðið hefur verið að skylda ökunema til náms á sérstökum æfingasvæðum frá ársbyrjun 2008.

Ráðstöfunarfé samgönguáætlunar

	2007 milljónir króna	2008 milljónir króna	2009 milljónir króna	2010 milljónir króna
Flugmál	2.032	2.092	2.092	2.092
Siglingamál	1.633	3.060	2.722	2.317
Vegamál	18.150	29.274	26.263	23.634
Samtals	21.815	34.426	31.077	28.043